

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð 10. júní 2021: Tillaga mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs um leikvelli algildrar hönnunar

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð beinir því til skipulags- og samgönguráðs að láta yfirfara gátlista fyrir leiksvæði og opin svæði sem er hafður til hliðsjónar við hönnun og framkvæmd svæðanna og bæta inn atriðum til að tryggja að svæðin uppfylli hugmyndafræði algildrar hönnunar. Lagt er til að við hönnun og/eða breytingar á leikvöllum, fjölskyldurýmum eða opnum svæðum í borgarlandinu verði ávallt litið til hugmyndafræði algildrar hönnunar (Universal Design). Er þar meðal annars átt við að svæðin og leiktækin sem valin eru henti sem flestum hópum óháð aldri og fötlun. Við hönnun og útfærslu verði haft í huga að leita lausna í takt við Græna planið svo sem umhverfisvæn leiktæki og að hugað verði að kolefnisfótspori og endurnýtingu efnis.

Greinargerð:

Leiktæki eiga einnig að geta rúmað ömmur og afa, ungmenni sem og lítil börn. Hugmyndin er að öll fjölskyldan geti komið saman og leikið sér. Fólk á öllum aldri í öllum stærðum og óháð færni eiga að geta rólað eða rennt sér.

Huga þarf að myndmerkingu, táknmyndun og textun í umhverfi, svo sem fyrir fólk með heyrnarskerðingar. Þá sé einnig hugað að upplifunarahönnun í umhverfinu s.s. snerti- og hljóðskynjun fyrir fólk með sjónskerðingar.

Öll hönnun, efni og frágangur skal fullnægi gildandi lögum, reglugerðum og stöðlum eftir því sem við á. Lögð er áhersla á að svæðin verði vönduð, hagkvæm í skipulagningu og byggingu og hagstæð í rekstri. Hönnun verði samkvæmt hugmyndafræði algildrar hönnunar. Í því felst að hanna góðar lausnir með jafnrétti og vellíðan alls fólks í fyrirrúmi. Með þessu móti er verið að koma til móts við markmið í Lýðheilsustefnu Reykjavíkurborgar til ársins 2030 sem nú er í umsagnarferli sem og markmið mannréttindastefnu borgarinnar og Græna plansins.

Þegar hugað er að efnisvali verði notuð umhverfisvæn, endurvinnanleg eða endurnýtanleg efni. Horft verði til líftíma svæðisins (leiksvæði/útvistarvæði/almenningsgarður) með það að markmiði að tryggja notagildi þess til framtíðar þar sem stefnt er að halda rekstrar- og umhirðukostnaði í lágmarki.

Í hugmyndafræði algildrar hönnunar er talað um 7 reglur sem ber að hafa í huga við hönnun.

<http://universaldesign.ie/What-is-Universal-Design/The-7-Principles/>

- [Principle 1: Equitable Use](#)
- [Principle 2: Flexibility in Use](#)
- [Principle 3: Simple and Intuitive Use](#)
- [Principle 4: Perceptible Information](#)
- [Principle 5: Tolerance for Error](#)
- [Principle 6: Low Physical Effort](#)
- [Principle 7: Size and Space for Approach and Use](#)

